



Húsvagnatrygging

Vátryggingarskilmálar nr. BK60

Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. BK60.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Váttryggðir hagsmunir
2. Váttryggður og meðváttryggðir
3. Váttryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Áhættubreyting
9. Samsömun
10. Útreikningur iðgjalds
11. Greiðsla iðgjalds
12. Endurgreiðsla iðgjalds
13. Eigendaskipti á ökutæki eða afskráning þess
14. Váttryggingarverðmæti
15. Eigin áhætta
16. Bætur fyrir algert tjón á húsvagni
17. Bætur fyrir tjón að hluta á húsvagni
18. Bætur fyrir tjón á lausafé
19. Undirtrygging
20. Framsal
21. Tvítrygging
22. Fyrning

1. Váttryggðir hagsmunir

- 1.1 Váttryggingin gildir fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagn eða pallahýsi sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ásamt eðlilegum fylgihlutum svo sem fortjaldi, innréttingum og öðrum föstum búnaði.
- 1.2 Váttryggingin tekur einnig til lausafjár sem er að staðaldrí í hinu váttryggða samkvæmt gr. 1.1.

2. Váttryggður og meðváttryggðir

- 2.1 Eigandi hins váttryggða er váttryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í hinu váttryggða eru ekki meðváttryggðir í skilningi laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðváttryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en váttryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Váttryggingin gildir

Váttryggingin gildir:

- 3.1 Á Íslandi.
- 3.2 Á ferðalagi annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu og í Sviss í allt að 92 daga, talið frá brottfarardegi frá Íslandi, ásamt nauðsynlegum flutningi á milli þessara landa, enda sé um árstryggingu að ræða.

Váttryggingin gildir ekki:

- 3.3 Á vegum eða vegarköflum þar sem bannað er að aka ökutækjum samkvæmt fyrirmælum réttra yfirvalda, eða við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir á hinu váttryggða ef það sannast að þær verða þegar ökumaður hefur orðið að fara út fyrir akbraut, t.d. vegna viðgerðar á akbrautinni.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða vegna:

- 4.1 Áreksturs.
- 4.2 Áaksturs.
- 4.3 Veltu og hrops húsvagnsins.
- 4.4 Útafaksturs.
- 4.5 Grjóthruns, skriðufalls, snjóflóðs úr fjallshlíð, aur- eða vatnsflóðs, þó ekki vegna sjávarflóða.
- 4.6 Eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
- 4.7 Þjófnaðar eða ef tilraun er gerð til þjófnaðar á því.
- 4.8 Óveðurs, þó ekki ef sandur, mól, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það. Með óveðri er átt við þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu, hvort almennt eignatjón hefur orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.
- 4.9 Flutnings þess um landveg á eða af flutningstæki eða á skipi milli hafna. Skemmdir sem verða þegar það er flutt á milli hafna, bætast þó ekki nema um árstryggingu sé að ræða.
- 4.10 Skemmdarverka sem unnin eru af ásettu ráði af öðrum en vátryggðum.

Vátryggingin bætir einnig:

- 4.11 Brot á framrúðu, afturrúðu og hliðarrúðum húsvagnsins, þó ekki við úrtöku og ísetningu. Það telst ekki rúðubrot þótt flísist eða kvarnist úr rúðu eða hún rispast.
- 4.12 Björgunar- eða flutningskostnað til næsta viðgerðarverkstæðis sem félagið fellst á ef ekki er hægt að draga hið vátryggða vegna bótaskylds tjóns á Íslandi.

Vátryggingin bætir ekki:

- 4.13 Skemmdir er aðeins varða hjól, hjólbarða, fjaðrir, rafgeymi og gler, sbr. þó gr. 4.11.
- 4.14 Þjófnað á einstökum hlutum hins vátryggða, nema ef þeir eru inni í harðskelja hjólhýsi, pallhýsi eða fellihýsi, eða í geymsluhólfi áföstu hinu vátryggða.
- 4.15 Skemmdir sem hljóttast af því að hið vátryggða tekur niðri á ósléttri akbraut, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu og lausu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir eða þegar laust grjót hrekkur upp undir það í akstri.
- 4.16 Skemmdir á hinu vátryggða af völdum dýra.
- 4.17 Skemmdir af völdum sjóbleytu.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss eða annarra náttúruhamfara, sbr. þó gr. 4.5.
- 5.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppbots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Ökumaður ökutækis sem dregur hið vátryggða skal hafa þau réttindi og kunnáttu sem krafist er til þess að aka því.
- 6.2 Ökumaður skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun ökutækis sem dregur hið vátryggða.
- 6.3 Hið vátryggða og geymsluhólf áföst hinu vátryggða skulu vera læst þegar enginn er í því og geyma skal lykla á öruggum stað.
- 6.4 Ekki skal nota hið vátryggða öðruvísi en kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6.6 Vátryggður skal viðhalda hinu vátryggða í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.
- 6.7 Vátryggður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun hins vátryggða og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.
- 6.8 Vátryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður hins vátryggða og ökutækisins sem dregur hið vátryggða sé ávallt í lagi.

- 6.9 Ökumaður skal ekki aka ökutæki sem dregur hið váttryggða eða geyma það þar sem hættu er á að það skemmist vegna þess að sandur, mól, aska, vikur eða önnur laus jarðefni geta fokið á það.

7. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Áhættubreyting

Tilkynna ber félaginu tafarlaust ef notkun hins váttryggða breytist frá því sem kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð félagsins á váttryggingaratburði lækki að tiltölu miðað við hvað iðgjaldið hefði orðið við breytta notkun, sbr. 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Samsömun

- 9.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða.
- 9.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda váttryggðs og umsjónarmanns hins váttryggða.

10. Útreikningur iðgjalds

- 10.1 Grunniðgjald váttryggingarinnar er reiknað út frá notkun hins váttryggða og verðmæti þess.
- 10.2 Iðgjaldið breytist við endurnýjun váttryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.

11. Greiðsla iðgjalds

- 11.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 11.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

12. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

13. Eigendaskipti eða afskráning

Ef eigendaskipti verða að hinu váttryggða, eða það er afskráð, fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða afskráning hefur átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

14. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Upphæð váttryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hins váttryggða.

Váttryggingarfjárhæð breytist við endurnýjun váttryggingarinnar í samræmi við breytingu á vísitölu.

Hámarksbætur fyrir tjón á lausafé samanber gr. 1.2 koma fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

15. Eigin áhætta

- 15.1 Af hverju tjóni ber váttryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 15.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið heldur ekki kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.
- 15.3 Eigin áhætta breytist við endurnýjun váttryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.

16. Bætur fyrir algert tjón á húsvagninum

- 16.1 Félagið greiðir bætur fyrir algjört tjón ef:
 - 16.1.1 Hið váttryggða verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur ekki borga sig að gera við það.
 - 16.1.2 Hinu váttryggða er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu var tilkynnt um atburðinn.
- 16.2 Verði algert tjón á húsvagninum ræður félagið hvort það:
 - 16.2.1 Greiði váttryggingarverðmæti húsvagnsins gegn afsali.
 - 16.2.2 Greiði mismun á váttryggingarverðmæti og verðmæti húsvagnsins eftir váttryggingaratburð.
 - 16.2.3 Útvegi annan húsvagn sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri og gerð. Kjósi félagið að útvega annan húsvagn hefur það heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi váttryggingartaka fyrir hinum skemmda húsvangi.
- 16.3 Váttryggingaverðmæti hins váttryggða er sú upphæð sem sambærilegt tæki að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.

17. Bætur fyrir tjón að hluta á húsvagninum

- 17.1 Skemmist hið váttryggða án þess að skilyrði 16. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við það að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón. Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjáist að gert hafi verið við húsvagninn.
- 17.2 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem félagið samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
- 17.3 Félagið bætir ekki lækkun á markaðsverði hins váttryggða, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

18. Bætur fyrir tjón á lausafé

- 18.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.
- 18.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 18.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðrýrnunar samkvæmt gr. 8.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 18.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingaratburð.

19. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti hins váttryggða meira en váttryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

20. Framsal

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum.

21. Tvítrygging

- 21.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

- 21.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 21.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

22. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.